

Fundargerð skólanefndar MS 14. janúar 2015, kl. 17:00

Mættir: Már, Guðlaug, Halldór, Sölvi, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldraráðs.

Fjarverandi: Guðrún, Auðun og fulltrúi nemenda.

Ritari: Guðfinna Ármannsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

19. Nóvember 2014, samþykkt og undirrituð. Fundi nefndarinnar 17. desember 2014 frestað til dagsins í dag.

2. Ný námskrá við MS

Már kynnti tillögur að námskrá og fór lauslega yfir sérstöðu skólans og lagði fram yfirlýsingu félagsfundar Sundamanna frá 14. janúar 2015 ásamt viðbrögðum skólans við þeirri yfirlýsingu, sjá fylgiskjal 1. Í framhaldinu mun Már fara á fund í ráðuneytinu þann 16. janúar.

3. Rekstur skólans

Ríkisendurskoðun er að fara í úttekt á rekstri skólans.

Rekstraráætlun skólans 2014 stóðst og búið er að skila inn áætlun fyrir 2015.

4. Starfsmannamál

Starfsfólk er að tynast inn úr veikindaleyfi og úr fæðingarorlofi og ljóst að ungir afleysingakennarar þurfa að víkja í framhaldinu. Már lýsti yfir ánægju með ungu kennarana og þykir afar leitt að þurfa að láta þá fara.

5. Önnur mál

Ritaramál nefndarinnar

Fyrirkomulag verður ákveðið á næsta fundi en hefð hefur verið fyrir því að fulltrúi kennara sé ritari nefndarinnar. Upp hafa komið mótmæli frá kennurum með þá tilhögun og sjálfsagt að skoða nýtt fyrirkomulag. Tvær tillögur komu á þessum fundi um á tilhögun ritarahlutverkinu:

- 1) Að ritarahlutverkið muni rótera á meðlimi skólanefndar, t.d. eftir starfsrófsröð, per fund eða per mánuð, hægt að búa til formlegt skema yfir það.
- 2) Að ritari verði valinn/kosinn formlega líkt og formannsvalið, t.d. einu sinni á ári að einn taki að sér að vera ritari skólanefndar. Þá væri nýr valinn á sama fundi og nýr formaður skólanefndar er valinn.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 11. febrúar nema að þær aðstæður komi upp að boða þurfi til hans fyrr.

Fundi slitið 18:30

